

LANDPÓSTURINN

2.tbl. 10.árg. febrúar 1998 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

Virkjanir og ferðamennska — fræðslufundur 26. febrúar —

Anna Dóra Sæþórsdóttir landfræðingur hefur nú nýlega lokið umfangsmikilli rannsókn á áhrifum virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku að frumkvæði Samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndar ríkisins um orkumál (SINO), en rannsóknina kostuðu Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið. Um niðurstöður þessara athugana ætlar Anna Dóra að halda fyrirlestur á vegum félagsins *fimmtudaginn 26. febrúar kl.20:30 í Odda, stofu 201.*

Meðal spurninga sem leitað var svara við má nefna:

- Hvernig er ferðamennsku á hálendinu norðan Vatnajökuls háttað ?
- Hvaða áhrif hefði virkjun jökulánna, Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal og mannvirki því tengd á ferðamennsku ?
- Hvaða eiginleikum býr svæðið yfir sem eru eftirsóknarverðir fyrir ferðamennsku og hvernig má búast við að þeir breytist eftir virkjun, og hverjar yrðu afleiðingar breytts virðis fyrir ferðamennsku ?
- Geta virkjanir og mannvirki sem þeim tengjast laðað að ferðamenn ?
- Hvaða tilhneigingar gætir í þróun ferðamennsku almennt, og hverju spá alþjóðlegar stofnanir og fræðimenn um áframhaldandi þróun ?

Þetta eru allt mjög áhugaverðar spurningar, og ekki síður þau svör sem Anna Dóra Sæþórsdóttir ætlar að flytja okkur í erindi sínu.

Ráðstefnu frestað til hausts

Í síðasta fréttabréfi var kynnt sú ætlun stjórnar að halda ráðstefnu 13. mars nk. í félagi við Kortagerðarfélagið og LÍSU um kortagerð á Íslandi. *Af óviðráðanlegum ástæðum verður þessari ráðstefnu frestað*, og hefur verið ákveðið sameiginlega af félögunum þremur að halda slíka ráðstefnu föstudaginn 2. október 1998. Stefnt er að veglegri ráðstefnu með tilheyrandi sýningu á kortum, bæði á pappír og tölvuskjám.

Living with Uncertainty, Disaster, and Acts of God — fræðslufundur 12. marz —

Sam Cole, prófessor við landfræði- og skipulagsdeildir ríkisháskóla New York í Buffalo, ætlar að vera svo elskulegur að halda gestafyrirlestur hjá Félagi landfræðinga *fmmtudagskvöldið 12. marz kl. 20:30 í Odda, stofu 201*, en hann kemur til Íslands til að halda námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar (sjá hér á eftir).

Í erindi sínu ætlar hann að fjalla um líkan til að meta hvernig áföll af öllu tagi verka á fólk og berast þaðan um þjóðfélagið.

Aðalfundur 31. marz

Aðalfundur félagsins verður haldinn þriðjudagskvöldið 31. marz. Hann verður nánar auglýstur síðar, en vænta má nokkurra breytinga á stjórn félagsins. Á fundinum verður boðið upp á kaffi og kökur, en ekki er afráðið um hið andlega fóður.

Námskeið um LUK í Excel

Þeir Emil Bóasson og Sam Cole frá ríkisháskóla New York í Buffalo munu halda námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar og LÍSU undir nafninu *Landupplýsingavinnsla í Excel — hannaðu þitt eigið landupplýsingakerfi* dagana 12. til 13. marz nk. Þar verður fjallað um, hvernig nota má Excel töflureikninn til að útbúa kort og færa upplýsingar úr gagnagrunni á slíkt kort og útbúa þannig eigin einföld landupplýsingakerfi, sem nota má við áætlanagerð og spár fyrir einstök sveitarfélög eða landið í heild.

Nánari upplýsingar fást hjá Endurmenntunarstofnun í sínum 525 4923, -24 og -25, bréfasíminn er 525 4080.

Fréttir frá Alþjóða landfræðisambandinu

Í ár, á ári hafsins og árinu sem Portúgalir minnst þess að 500 eru liðin síðan Vasco da Gama sigldi skipum sínum í höfn á Indlandi, bjóða portúgalskir landfræðingar til svæðaráðstefnu IGU, Alþjóða landfræðisambandsins. Ráðstefnan verður haldin í Lissabon fyrstu vikuna í september og er viðfangsefni hennar:


Atlantshafssvæðið í fortíð, nútíð og framtíð. Megin efnissviðin verða þessi: 1. Atlantshafssvæðið: Sjóleiðir og mótsstaðir mismunandi menninga. 2. Atlantshafið: Eðli og stjórnun hafs og stranda. 3. Átök og samvinna á Atlantshafssvæðinu. 4. Alþjóðleg og svæðisbundin stjórnun hafsins. Hér ættu að vera mörg spennandi viðfangsefni sem höfða til íslenskra landfræðinga.

Að venju eru á undan ráðstefnunni nokkurra daga málstofur og fundir rannsóknanefnda og hópa sambandsins. Flestir hafa valið Lissabon sem fundastað.

Boðið er upp á stuttar skoðunarferðir á meðan á ráðstefnunni stendur, m.a. er hægt að fara á heimssýninguna í Lissabon. Eftir ráðstefnuna er hægt að velja á milli nokkurra ferða undir leiðsögn fremstu landfræðinga Portúgala. Frekari upplýsingar gefur Guðrún Ólafsdóttir, sími 525 44 84, netfang gudrunmo@raunvis.hi.is

Þess má geta að næsta meginráðstena Alþjóða landfræðisambandsins verður haldin í Seoul í Suður Kóreu aldamótaárið. Það er mikill áhugi á landfræði í Kóreu og kóreískir landfræðingar hafa tekið mikinn og virkan þátt í störfum Alþjóða landfræðisambandsins og hefur verið augljóst á undanförunum þingum að þeir hyggjast standa að aldamótaþinginu með miklum skörungsskap. Nú er bara að byrja að safna fyrir Kóreuferð í ágúst árið 2000.

GÓ



Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi